



# Upplýsingaöryggisstefna Reykjanesbæjar



# Upplýsingaöryggisstefna Reykjanesbæjar

Samþykkt í bæjarstjórn Reykjanesbæjar 21. mars 2023.

Rafræna útgáfa skjalsins í gæðakerfi Reykjanesbæjar er ávallt sú útgáfa sem er í gildi hverju sinni.

## Umfang

Stefnan gildir fyrir alla starfsmenn Reykjanesbæjar, kjörna fulltrúa og samningsbundna verktaka, þjónustu- og samstarfsaðila sem hafa aðgang að upplýsingum sveitarfélagsins.

- Upplýsingaöryggisstefnan tekur til allra gagna og upplýsinga sem eru í meðferð, miðlun, vinnslu og varðveislu hjá Reykjanesbæ, hvort sem þau eru á rafrænu formi, prentuðu eða í mæltu máli.
- Upplýsingaöryggisstefnan tekur jafnframt til þess húsnæðis, búnaðar og kerfa, þar sem gögn og upplýsingar eru geymd eða fara um, þ.e. tölvuvélasalir, netþjónar, upplýsingakerfi, gagnagrunnar, kaplar, nettengibúnaður og fjarskiptaskápar.

## Markmið

Meginmarkmið upplýsingaöryggisstefnu Reykjanesbæjar er að vernda gögn og upplýsingar sem eru í eigu og á ábyrgð sveitarfélagsins og tryggja áframhaldandi rekstur kerfa og lágmarka tjón ef upp koma atvik sem geta trufla rekstur og þjónustu.

- Verja skal gögn fyrir mögulegum ógnum, innri og ytri, af ásetningi, gáleysi eða slysi.
- Fylgja skal lögum, reglum og leiðbeiningum um stjórnun upplýsingaöryggis sem byggja m.a. á kröfum ÍST EN ISO/IEC 27001:2017 og 27701:2019 staðla um stjórnunarkerfi upplýsingaöryggis og lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.
- Stuðla skal að virkri öryggisvitund meðal starfsmanna, verktaka og þjónustuaðila.
- Reglulegt eftirlit skal haft með rétttri notkun og aðgangi að upplýsingakerfum. Einnig skal rýna viðbrögð og eftirfylgni við frávik. Þannig er stuðlað að stöðugum umbótum við framkvæmd stefnunnar.

## Ábyrgð

Öllum starfsmönnum Reykjanesbæjar ber að vinna samkvæmt upplýsingaöryggisstefnunni og eftir fremsta megni tryggja að aðeins þeir sem hafa heimild til, geti nálgast upplýsingar hvort heldur á rafrænu eða pappíriformi.

- Bæjarstjóri ber ábyrgð á stuðningi og eftirfylgni við stefnuna.
- Stjórnendur sveitarfélagsins bera ábyrgð á því að starfsmenn þeirra og þjónustuaðilar fari eftir þeim reglum og tilmælum sem gilda um upplýsingaöryggi og meðferð gagna. Þeir bera einnig ábyrgð á að viðhalda öryggisvitund meðal starfsmanna sinna.
- Þegar gerðir eru samningar við þjónustuaðila þurfa stjórnendur að tryggja að upplýsingaöryggisstefnunni sé framfylgt og samningsaðilar upplýstir um innihald stefnunnar.
- Öllum aðilum sem stefnan nær yfir ber að tilkynna öryggisfrávik og veikleika er varðar upplýsingaöryggi til verkefnastjóra upplýsingaöryggis eða upplýsingaöryggis teymis.
- Upplýsingaöryggisstjóri ber ábyrgð á framkvæmd upplýsingaöryggisstefnunnar og kynningu ásamt endurskoðun og rýni að lágmarki á tveggja ára fresti.



REYKJANESBÆR

Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS